

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 800/2020, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19.

#### 1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Þeim sem sæta sóttkví skv. 3. mgr. 3. gr. býðst að fara í sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni eftir sjö daga í sóttkví. Ef sýni reynist neikvætt er einstaklingi ekki lengur skylt að sæta sóttkví. Um jákvæði sýni fer eftir 9. gr. Sóttvarnalæknir skipuleggur sýnatöku samkvæmt þessari málsgrein og er hún einstaklingi að kostnaðarlausu.

#### 2. gr.

2. mgr. 11. gr. verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi fellur úr gildi þann 6. október 2020.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 12., 13. og 18. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, tekur þegar gildi. Reglugerð þessi fellur úr gildi þann 6. október 2020.

*Heilbrigðisráðuneytinu 11. september 2020.*

f.h. heilbrigðisráðherra

Ásta Valdimarsdóttir

Ásthildur Knútsdóttir.